

Hringrás endurvinnsla  
Einar Ásgeirsson  
Klettagarðar 9  
104 Reykjavík

2005060006  
0000; 9310

Reykjavík, 21. júlí 2005  
/--

**Efni: Breyting á starfsemi Hringrásar ehf. í Reykjavík, móttaka og meðhöndlun spilliefna. Ákvörðun um matskyldu.**

Vísað er til erindis Hringrásar ehf. dags. 2. og 9. júní 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á starfsemi Hringrásar ehf. í Reykjavík sem felst í móttöku og meðhöndlun spilliefna, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 23. júní 2005, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfi dags. 22. júní 2005 og Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 29. júní 2005, bréfi dags. 4 júlí og tölvupósti dags. 21. júlí 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Hringrás ehf. með tölvupósti dags. 29. júní 2005 og með bréfi dags. 7. júlí 2005.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd/starfsemi**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að endurvinnslufyrirtækið Hringrás ehf. fyrirhugi að breyta starfsemi sinni að hluta til og felist breytingin í meðhöndlun spilliefna sem sé háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Í starfsleyfisumsókn fyrirtækisins til Umhverfisstofnunar sé sótt um leyfi til að meðhöndla allt að 1000 tonn af hvers konar spilliefnum á ári. Fram kemur að núverandi starfsemi fyrirtækisins taki mið af starfsleyfisskilyrðum í starfsleyfi frá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar frá því í mars 2005. Starfsleyfið gildi fyrir móttöku og endurvinnslu brotamálma og annarra endurnýjanlegra úrgangsefna, s.s. gúmmís, timburs, plasts og rafgeyma. Meðhöndlun spilliefna á athafnasvæði Hringrásar ehf. skv. núgildandi starfsleyfi takmarkist við móttöku og flutning efnanna af svæðinu til frekari vinnslu eða eyðingar. Þó megi fyrirtækið meðhöndla rafgeyma og senda utan til eyðingar og olíuefni af bifreiðum sem tekið sé á

móti. Fram kemur að fyrirhuguð meðhöndlun spilliefna á athafnavæði fyrirtækisins felist í flokkun og umpökkun þeirra en efnin verði því næst flutt af svæðinu til endurvinnslu eða förgunar.

Í framlögðum gögnum framvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð móttaka og meðhöndlun spilliefna muni fara fram í og við eitt af þeim húsum sem nú séu í byggingu á athafnasvæði Hringrásar. Athafnasvæðið þar sem fyrirhuguð spilliefni verða geymd og meðhöndluð verði lagt bundnu slitlagi og gætt verði þess að spilliefni, s.s. blý sem leysist upp í vatni og geti haft óæskileg áhrif á efnassamsetningu frárennslis, verði meðhöndluð þannig að þau blotni ekki. Frárennslis frá húsi þar sem spilliefni verði meðhöndluð renni í lokaða þró og verði tekin sýni reglulega úr frárennslis í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar. Fram kemur að Hringrás ehf. muni hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geti haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið og muni skráningar verða aðgengilegar eftirlitsaðila (Umhverfisstofnun). Auk þessi mun Hringrás ehf. útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðmengunar og útbúin verði neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði fyrirtækisins komi til óvæntrar stöðvunar á reksti móttökustöðvarinnar. Leitast verði við að magn spilliefna á svæðinu verði í lágmarki í hvert sinn.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur kemur fram það álit að meðhöndlun spilliefna á athafnasvæði Hringrásar hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þvert á móti telji stofnunin að veiting starfsleyfis þar sem gerðar séu kröfur um eftirlit og meðhöndlun spilliefna muni auka öryggi á athafnasvæðinu. Fram kemur að innkoma spilliefna sé óhjákvæmilegur fylgihlutur þess að taka á móti brotamálum og hefur fyrirtækið til þessa einungis haft leyfi til að taka á móti spilliefnum enda hafi það ekki haft aðstöðu til að vinna þau frekar. Með fyrirbyggjandi áformum fyrirtækisins um viðeigandi aðstöðu til að vinna spilliefni í aðskildum vinnslurýmum sé komin forsenda fyrir því að veita þeirri vinnslu starfsleyfi og tryggja þannig að öll meðferð efna á athafnasvæði Hringrásar ehf. verði samkvæmt settum reglum.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er tekið undir sjónarmið Umhverfis- og heilbrigðisstofu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé hægt að taka afstöðu til þess, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, hvort fyrirhuguð starfsemi sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Nauðsynlegt sé að lýsa fyrirhugaðri viðbótarstarfsemi nánar, tilgreina tegundir spilliefna og magn þeirra sem fyrirtækið hyggist taka á móti sem og skilgreina hugtakið „vinnsla spilliefna“.

Í svörum framvæmdaraðila eru talin upp þau spilliefni og magn þeirra sem fyrirtækið áætla að tekið verði á móti, alls um 689 tonn á ári. Fram kemur að áætlað magn einstakra spilliefna svo og fyrrnefnt heildarmagn sé byggt á heildarinnkomu á spilliefnum hérlendis árið 2002 samkvæmt skýrslu úrvinnslusjóðs og því markmiði fyrirtækisins að stefnt sé að því að öðlast um 40 % markaðshlutdeild í spilliefnamarkaðnum. Fram kemur varðandi vinnslu spilliefna að ítrekað sé að einungis sé ætlunin að taka á móti efnunum, flokka þau og pakka þeim í réttar umbúðir og senda til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum aðilum.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguð breyting á starfsemi Hringrásar við Klettagarða feli í sér aukin umsvif og kunni að hafa fjölþætt umhverfisáhrif á för með sér. Um 400 metrar séu frá athafnasvæði fyrirtækisins að sjó og því lítill sveigjanleiki til að bregðast við hugsanlegri bráðamengun af völdum ofangreindra efna. Því kunni lífríki í sjó að stafa hætta af starfseminni. Fram kemur að allflest þau efni sem Hringrás ehf. fyrirhugi að meðhöndla séu hættuleg heilsu manna og dýra, sleppi þau út í umhverfið. Efnin geti borist í nærliggjandi íbúðarhverfi en starfsemi Hringrásar við Klettagarða 9 sé staðsett í tæplega 300 m fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum og í tæplega 600 m fjarlægð frá næsta leikskóla og grunnskóla. Ekki sé fyrirséð miðað við þau efni, magn þeirra og eiginleika hver afleiðing hugsanlegrar bráðamengunar verði á náttúru og íbúa svæðisins og hvernig bregðast eigi við hugsanlegri vá af völdum þeirra. Ekki sé til staðar greining eða mat á mengunarhættu einstakra efna sem fyrirhugað sé að taka á móti eða hvernig bregðast skuli við bráðamengun af völdum þeirra. Þá þurfi að vera til staðar rýmingaráætlun fyrir nærliggjandi byggingar, sem gerð hafi verið í samvinnu við lögreglu og slökkvilið. Að framansögðu telur Umhverfisstofnun að vegna umfangs og eðlis þá kunni fyrirhuguð starfsemi Hringrásar við Klettagarða 9 að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umsögn Umhverfisstofnunar gæti nokkurs misskilnings er varði aukin umsvif og fjölþætt umhverfisáhrif þar sem að núverandi starfsemi fylgi óhjákvæmilega töluvert af spilliefnum. Framkvæmdaraðili telji að með því að setja upp sérstaka móttöku fyrir spilliefni verði enn betur sinnt nauðsynlegum mengunarvörnum til þess að tryggja að ekki stafi mengunarhætta af vinnslunni. Aukin umsvif muni því þvert á mót draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Fram kemur að hjá fyrirtækinu séu í dag öflugar mengunarvarnir. Þannig hafi öllu yfirborði svæðisins verið lokað í samræmi við kröfu í starfsleyfi Umhverfis- og heilbrigðisstofu og í samráði við yfirvöld. Ekkert frárennsli fari af svæðinu öðru vísi en að það fari í gegnum olúgildru sem reglulega sé vöktuð. Viðbótar felliprær og setker verði sett upp í tengslum við móttöku á sýrum og lút og verði það gert í samræmi við bestu fánlega tækni og þannig tryggt að engin mengandi efni geti borist í sjó. Það sé því ekki líklegt að lífríki í sjó stafi meiri hætta af þessari vinnslu en af hafnsækinni starfsemi sem skipulögð hafi verið á hafnarsvæðinu.

Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að unnið verði með öll efnin á lokuðu vinnusvæði. Megnið af efnunum séu hættulítill efni sem auðvelt sé að tryggja með rétttri meðhöndlun að skaði hvorki menn né dýr. Ekki verði séð af starfsleyfi Efnamóttökunnar hf í Gufunesi annað en að hægt verði að tryggja að rekstur efnamóttöku við Sundahöfn verði jafn öruggur. Samkvæmt reynslu af móttöku spilliefna hér á landi, samanber skýrslu úrvinnslusjóðs, sé stærsti hluti þeirra oliefni, málingarefni og rafgeymar. Önnur efni séu tilfallandi og í litlum mæli. Bent sé á að innflutningshöfn með tilheyrandi geymslum sé við hlið Hringrásar þar sem flutt séu inn og geymd nánast öll þau eituerfni og hættuleg efni sem til landsins koma. Þar geti verið til staðar það magn sem kallað geti á rýmingaráætlanir, frekar en starfsemi Hringrásar. Fram kemur að fyrirtækið muni tryggja að öllum kröfum sem settar verði í starfsleyfi fyrir starfseminni verði fylgt og þannig verði tryggt að áhætta sem tengist rekstrinum verði sem minnst.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í svörum Hringrásar ehf. sé gert nánari grein fyrir núverandi aðstöðu og fyrirkomulagi sem miði að því að koma í veg fyrir mengun auk fyrirhugaðra mengunarvarna. Móttaka spilliefna sé háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og í

starfsleyfi séu gerðar kröfur um mengunarvarnabúnað og starfshætti sem miði að því að tryggja sem best að hætta á mengun verði í lágmarki. Umhverfisstofnun hafi áður gefið út starfsleyfi fyrir spilliefnamóttökur í Reykjavík og á Akureyri og hafi starfsemi þeirra fyrirtækja reynst farsæl. Í ljósi ofangreinds telur stofnunin að ákvæði í starfsleyfi geti fullnægt þeim kröfum sem vænta megi að fram komi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða breytingu á starfsemi Hringrásar ehf. sem felur í sér móttöku, flokkun og pökkun spilliefna og er starfsemin tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að skv. núgildandi starfsleyfi frá Umhverfis- og heilbrigðisstofu takmarkast meðhöndlun spilliefna hjá Hringrás ehf. við móttöku og flutning efnanna af svæðinu til endurvinnslu eða förgunar. Jafnframt liggur fyrir að við núverandi aðstæður fer fram á athafnasvæði fyrirtækisins meðhöndlun spilliefna úr rafgeymum og bifreiðum sem er í samræmi við núgildandi starfsleyfi. Hringrás ehf. fyrirhugar að sækja um starfsleyfi fyrir móttöku, pökkun og flokkun á allt að 1000 t af spilliefnum á ári. Samfara því mun fyrirtækið ráðast í aðgerðir til þess að tryggja að ekki stafi mengunarhætta af fyrirhugaðri meðhöndlun spilliefna og er þeim aðgerðum lýst í starfsleyfisumsókn til Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun telur að ekki sé líklegt að náttúru eða íbúum í nágrenni sé hætta búin af meðhöndlun spilliefna á athafnasvæði fyrirtækisins verði staðið að henni eins og lýst er í starfsleyfisumsókn. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ákvæði í starfsleyfi geti fullnægt þeim kröfum sem vænta megi að fram komi við mat á umhverfisáhrifum

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hringrásar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á starfsemi Hringrásar ehf. sem felur í sér meðhöndlun spilliefna sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að fyrirhuguð breyting á starfsemi Hringrásar ehf. er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lögum nr. 55/2003 og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð 806/1999 um spilliefni.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. ágúst 2005.

Jakob Gunnarsson

Afrit:

Umhverfisráðuneytið, Reykjavíkurborg, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur og Umhverfisstofnun.